

Mál nr. 317/2014
M og
V vegna frítímaslysáttryggingar.

Kona datt á veitingastað og ökklabrotnaði. Ágreiningur um skerðingu bóta. Þ. 9.3.2013

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. ásamt fylgiskjöllum 1-6
2. Bréf V dags. 30.11.2014
3. Bréf lögmanns M dags. 3.11.2014.

Málsatvik.

M segist hafa verið skemmtistað á árshátíð og þegar hún reyndi að standa upp úr stól datt hún og missteig sig með þeim afleiðingum að hún hlaut beinbrot á hægri ökkla. M krefst bóta úr frítímaslysáttryggingu sinni hjá V. V viðurkennir bótaskyldu en telur rétt að skerða bætur til M um 1/3 á grundvelli 1. mgr. 90. gr. lága um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 þar sem M hafi verið mjög ölvuð þegar slysið varð og orsakatengsl séu á milli slyssins og ölvunar M. V telur því að slysið verði rakið til stórkostlegs gáleysis M og V því heimilt að skerða bætur til M svo sem að framan greinir. Þá telur V að M hafi ekki uppfyllt skyldu sína til að takmarka tjón sitt þar sem hún hafi ekki hlífð ökklanum sem skyldi til að ná skjótum bata skv. samskiptaseðli Heilsugæslu frá 12.4.2013 vegna M. M krefst óskertra bóta og segir rangt að hún hafi verið mjög ölvuð og ekki sé sannað orsakasamband milli ölvunar M og slyssins eða stórkostlegt gáleysi hennar. Af hálfu M er vísað til dóms Hæstaréttar í málinu 128/2013.

Álit.

Samkvæmt gögnum sem fyrir liggja í málinu þá var M talsvert ölvuð í umrætt sinn. Það er hins vegar ekki sannað að orsakasamband sé á milli ölvunarástands hennar og þess að hún varð fyrir umræddu slysi. Þá hefur V ekki heldur sýnt fram á að M hafi gerst sek um stórkostlegt gáleysi sem hafi leitt til slyssins. Af ofangreindum ástæðum á M rétt á því að fá óskertar bætur úr frítímaslysáttryggingu sinni hjá V vegna ofangreins slyss.

Niðurstaða.

M á rétt að fá óskertar bætur úr frítímaslysáttryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 18.11.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.